

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot).

Frá allsherjarnefnd.

1. Við frumvarpið bætist ný grein sem verði 1. gr. og orðist svo:
Við 81. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., sem orðast svo:
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. fyrnist sök vegna brota samkvæmt ákvæðum 194. gr., 1. mgr.
200. gr. og 1. mgr. 201. gr. ekki þegar brot er framið gagnvart barni undir 18 ára aldri.
2. 1. gr. orðist svo:
Síðari málsliður 1. mgr. 82. gr. laganna orðast svo: Fyrningarfrestur vegna brota sam-
kvæmt ákvæðum 197. gr., 198. gr., 199. gr., 2.–3. mgr. 200. gr., 2. mgr. 201. gr., 202. gr.
og 218. gr. a telst þó eigi fyrr en frá þeim degi er brotþoli nær 18 ára aldri.
3. Við 2. gr. 1. másl. 1. efnismgr. orðist svo: Hver sem hefur samræði eða önnur kyn-
ferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri
nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að
16 árum.
4. Við 9. gr. bætist nýr stafliður, sem verði a-liður, svohljóðandi:
a. 1. mgr. orðast svo:
Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 18 ára, sem
er kjörbarn hans, stjúp barn, fósturbarn, sambúðarbarn eða tengt honum þannig fjöl-
skylduböndum í beinan legg eða barn, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu
eða uppeldis, skal sæta fangelsi allt að 8 árum og allt að 12 ára fangelsi sé barn yngra
en 16 ára.
5. Við 10. gr. a-liður orðist svo: Í stað orðanna „14 ára“ í 1. mgr. kemur: 15 ára, og í stað
orðanna „allt að 12 árum“ í sömu málsgrein kemur: ekki skemur en 1 ár og allt að 16
árum.